

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Jólaglaðnings- og hjálparsjóð Gunnlaugs Bjarna, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. apríl 1966.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Jólaglaðnings- og hjálparsjóð Gunnlaugs Bjarna.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Jólaglaðnings- og hjálparsjóður Gunnlaugs Bjarna.

### 2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru Herdís Ásgeirsdóttir, Guðrún Hvannberg, Sigbrúður Guðjónsdóttir og Soffía Haraldsdóttir. Voru konur þessar, ásamt móður Gunnlaugs Bjarna, í fjáröflunarnefnd til Barnaspítala Hringingsins, en hann er reistur að hálfu fyrir frjáls framlög almennings. Gunnlaugur Bjarni dó af slysförum 12. ágúst 1954, tólf ára gamall. Hann var sonur Gunnlaugar Briem og Bjarna Guðmundssonar.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að gleðja og aðstoða sjúk börn, og er starfsemi hans ekki eingöngu bundin við börn, sem liggja á Barnaspítala Hringingsins, heldur nær hún einnig til annarra barna, eftir því sem sjóðurinn eflist.

### 4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Höfuðstól hans má aldrei skerða og skal að minnsta kosti helmingur ársvaxtanna lagður við hann, en hinum hluta þeirra skal úthluta.

### 5. gr.

Kvenfélagið Hringurinn í Reykjavík annast stjórn og úthlutun úr sjóðnum, og veitir gjöfum móttöku. Hætti Kvenfélagið Hringurinn störfum, skal afhenda Barnaspítala Hringingsins sjóð þennan.

### 6. gr.

Reikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

### 7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 19. febrúar 1959.

F. h. stofnenda

**Herdís Ásgeirsdóttir.**